

Skírnin—hvað er hún—hvern og hvenær má skíra og hvernig?

Um fjöllun með lauslegri þýðingu á grein eftir James E. Bordwine, Th. D., Westminster Presbyterian Church of Vancouver, Canada: „Að vera þinn Guð og þinna niðja eftir þig“. Upprunalega flutt sem fyrirlestur 11. maí 1994 þar. Formálinn og tveir síðustu kaflarnir eru eftir Böðvar Björgvinsson. Önnur meginheimild: David Hedegård – „Enighet i dopfrågan“.

Formáli

Skírnin er eitt af umdeildustu atriðum kristninnar nú á dögum og hefur verið það í þrjár aldir eða svo. Ekki svo að skilja að deilt sé um hvort nota eigi skírnina, heldur hvers eðlis hún er og—í framhaldi af því—hvort rétt sé að skíra ungbörn o. s. frv.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga hér og þar—í handbókum, bókum um skírnina, greinum á Internetinu og að sjálfsögðu Biblíunni sjálfri og þá einnig reynt að leita til frumtextans (grísku og hebresku).

Lúter vék ekki frá kaþólskunnar hvað varðar að framkvæma barnaskírn, en hann reyndi hins vegar lengi að reyna að sýna fram á að öll ungbörn endurfæðist í skírninni og þá fyrir „staðgengilstrú“, þ. e. séu þau borin til skírnar af trúuðu foreldri (föður) og skírð af trúuðum presti. Hann reynir ýmsar leiðir og endurskoðar sjálfan sig í sífellu, en að lokum kemst hann að þeirri niðurstöðu að „ástæðan fyrir því að við látum skírast er ekki sú að við séum viss um trú okkar, heldur sú að Guð skipaði svo fyrir“. Þó við séum lútersk—og kannski einmitt vegna þess að við erum lútersk, þá duga okkur ekki orð Lúters, heldur einmitt það sem hann benti á sem grundvöll okkar í öllum slíkum málum, Orð Guðs—Biblían.

Nú er það svo að allir þeir sem um skírnina rita af nokkurri alvöru, nota einmitt Biblíuna og komast að mjög ólíkri niðurstöðu. Hvernig má það vera? Um það er sjálfsagt álíka mikið ritað og um skírnina sjálfa og best að hver dæmi fyrir sig. En eitt er ljóst: Biblían (þær heimildir sem okkur eru gefnar) talar ekki mjög skýrt um skírnina, einkum hvað varðar ungbarnaskírn og með hvaða hætti skuli skýra—niðurdýfingu eða yfirstökkvun, dreypingu. Á því hlýtur að vera einhver skýring, og að mínu mati hlýtur skýringin að felast í því að þarna sé um að ræða athöfn, sem nægileg vissa var í upphafi um hvernig framkvæma ætti til þess að ekki þyrfti að útskýra hana nánar en gert er.

Á fjörur mínar hefur tvennt rekið, sem reynst hefur mér hjálplegast við að

skilja þessa hluti. Annars vegar bókin „Enighet i dopfrågan“ eftir David Hedegård og hins vegar grein, sem ég rakst á á Internetinu, „To Be God to You and to Your Descendants After You, An Introductory Study on the Doctrine of Infant Baptism“ eftir James E. Bordwine, Th. D. hjá Westminster Presbyterian Church í Vancouver í Kanada, en þessi grein er besta stutta úttekt á þessu máli sem ég hef fundið.

Ég vil fyrst gera að útgangspunkti Kól. 2:11-12: „Í honum eruð þið umskorin þeirri umskurn sem ekki er með höndum gerð. Með umskurn Krists voruð þið afklædd hinum synduga líkama, greftruð með Kristi í skírninni og uppvakin til lífs með honum fyrir trúna á mátt Guðs sem vakti hann frá dauðum.“ (nýja þýðingin—dálítið óheppileg þar sem skilja mætti hana svo að konur hefðu líka verið umskornar) eða skv. gömlu þýð.: „Í honum eruð þér einnig umskornir þeirri umskurn, sem ekki er með höndum gjörð, heldur með umskurn Krists, við að afklæðast hinum synduga líkama, þegar þér voruð greftraðir með Kristi í skírninni, uppvaktir fyrir trúna á mátt Guðs, er vakti hann upp frá dauðum.“

Hér sjáum við að skírninni er líkt við umskurnina og þar væri gott að byrja. En lítum nú á ritgerð Bordwines. Hann byrjar enn annars staðar.

„Að vera þinn Guð og þinna niðja eftir þig“

Inngangur

Barnaskírn byggir á þeirri sannfæringu að kristnir menn eigi að líta á sjálfa sig og börn sín ekki bara sem einstaklinga með hver sína andlegu reynslu út af fyrir sig og þannig fyrst og fremst „lóðrétt“ í náttúrunni, heldur sem meðlimi frelsaðs samfélags. Í hverju samfélagi, eða til þess að nota biblíulegra orðalag, í hverri fjölskyldu getur reynsla og athafnir sumra, nefnilega leiðtoga eða höfðingja, haft—og hefur—áhrif á hina. Þetta sjónarhorn, sem við þannig lýsum, er sjónarhorn sáttmálans og er frá Biblíunni komið. Þegar ég tala um sáttmálasjónarhorn í þessum fyrirlestri, þá er átt við leið til að skoða og hagnýta þá kenningu Biblíunnar, að þó að frelsun eða sáluhjálpar okkar sé að sjálf-sögðu persónubundin, þá eiga kröfur og ávextir sáluhjálparinnar sér ekki stað í „tóminu“, ef svo má segja. Samband okkar og samskipti við Guð í Kristi hafa fyrir undraverða forsjón Guðs áhrif af ýmsu tæi á aðra, einkum fjölskyldu-meðlimi.

Í þessum fyrirlestri verður það því takmarkið að sýna fram á hver grundvöllurinn fyrir ungbarnaskírn er í Ritningunni eins og hann birtist smám saman og þróast í hinu stærra samhengi samskipta Guðs við sína útvöldu þjóð.

Við byrjum á því að skoða mikilvægi umskurnarinnar í Gamla testamentinu. Umskurnin var líkamlegt ytra tákni, sem gaf í skyn að viðkomandi hefði persónulegt samband við Guð og væri um leið meðlimur í hinu stóra samfélagi tilbeiðslunnar.

Síðan munum við skoða í Nýja testamentinu hvernig skírni var framkvæmd. Skírni gegnir, eins og við munum komast að raun um, sama hlutverki og umskurnin, að merkja einstakling sem eftirfylgjanda Krists og sem meðlim í hinu stærra tilbeiðslusamfélagi, sem við köllum Kirkju. Við munum um leið sérstaklega veita athygli stöðu barnanna.

1. Hvað umskurnin táknar

Byrjum á að líta á I. Mós. 12. kafla.

¹Drottinn sagði við Abram: „Far þú burt úr landi þínu og frá ættfólki þínu og úr húsi föður þíns, til landsins, sem ég mun vísa þér á. ²Ég mun gjöra þig að mikilli þjóð og blessa þig og gjöra nafn þitt mikið, og blessun skalt þú vera. ³Ég mun blessa þá, sem þig blessa, en bölvu þeim, sem þér formælir, og af þér skulu allar ættkvíslir jarðarinnar blessun hljóta.“ ⁴Þá lagði Abram af stað, eins og Drottinn hafði sagt honum, og Lot fór með honum. En Abram var sjötíu og fimm ára að aldri, er hann fór úr Harran.

Þarna er skráð hvernig Guð kallar Abram (Abraham) til þess að verða faðir nýrrar þjóðar. Hið mikilvæga hér er 2. vers: „Ég mun gjöra þig að mikilli þjóð og blessa þig og gjöra nafn þitt mikið, og blessun skalt þú vera.“ Hér er að finna fyrstu tilvísunina í að Guð ætli að gera eitthvað stórfenglegt við og fyrir Abraham. En á þessu stigi málsins er það sem Guð opinberar Abraham aðeins þetta að hann ætli að gera hann mikinn. Guð segir ekkert um það *hvernig* hann ætli að koma því í kring.

Síðar, í I. Mós. 15 er þetta að finna:

¹ Eftir þessa atburði kom orð Drottins til Abrams í sýn: „Óttast þú ekki, Abram, ég er þinn skjöldur, laun þín munu mjög mikil verða.“ ² Og Abram mælti: „Drottinn Guð, hvað ætlar þú að gefa mér? Ég fer héðan barnlaus, og Elíeser frá Damaskus verður erfingi húss míns.“ ³ Og Abram mælti: „Sjá, mér hefir þú ekkert afkvæmi gefið, og húskarl minn mun erfa mig.“

⁴ Og sjá, orð Drottins kom til hans: „Ekki skal hann erfa þig, heldur sá,

sem af þér mun getinn verða, hann mun erfa þig.“⁵ Og hann leiddi hann út og mælti: „Lít þú upp til himins og tel þú stjörnurnar, ef þú getur talið þær.“ Og hann sagði við hann: „Svo margir skulu niðjar þínir verða.“⁶ Og Abram trúði Drottni, og hann reiknaði honum það til réttlætis.

Í þessari frásögu fær Abraham að vita svolítið meira um hvers eðlis fyrirheitið, sem Guð hafði gefið honum, var. Abraham gerir sér grein fyrir því að til þess að verða að „mikilli þjóð“, þá þurfi hann að eignast erfingja. Abraham bendir því Guði á þá stöðu sína að hann eigi ekkert barn. Þess vegna fullvissar Guð hann um að sá sem af honum muni getinn verða muni verða erfingi hans. Því næst endurtekur Guð upprunalegt fyrirheiti um að afkomendur Abrahams muni verða gífurlega margir. Sjötta vers segir að Abraham hafi trúað orðum Guðs og að það hafi verið reiknað honum til réttlætis. Í Rm. 4:5, 9 og 13 túlkar Páll þetta þannig að það að Abraham trúði Guði væri það sama og trú sem réttlætir. Umsögn Páls bendir til þess að sáttmálinn milli Guðs og Abrahams varðaði endurlausn, hjálpræði.

Það er hins vegar ekki fyrr en í I. M. 17 sem málið kemur að fullu í ljós.

¹ Er Abram var níutíu og níu ára gamall, birtist Drottinn honum og sagði: „Ég er Almáttugur Guð. Gakk þú fyrir mínu augliti og ver grandvar, ² þá vil ég gjöra sáttmála milli mín og þín, og margfalda þig mikillega.“

³ Þá féll Abram fram á ásjónu sína, og Guð talaði við hann og sagði: ⁴ „Sjá, það er ég, sem hefi gjört við þig sáttmála, og þú skalt verða faðir margra þjóða. ⁵ Því skalt þú eigi lengur nefnast Abram, heldur skalt þú heita Abraham, því að föður margra þjóða gjöri ég þig. ⁶ Og ég mun gjöra þig mjög frjósaman og gjöra þig að þjóðum, og af þér skulu konungar koma. ⁷ Og ég gjöri sáttmála milli mín og þín og þinna niðja eftir þig, frá einum ættlið til annars, ævinlegan sáttmála: að vera þinn Guð og þinna niðja eftir þig. ⁸ Og ég mun gefa þér og niðjum þínum eftir þig það land, sem þú nú býr í sem útlendingur, allt Kanaanland til ævinlegrar eignar, og ég skal vera Guð þeirra.“

⁹ Guð sagði við Abraham: „Þú skalt halda minn sáttmála, þú og niðjar þínir eftir þig, frá einum ættlið til annars. ¹⁰ Þetta er minn sáttmáli, sem þér skuluð halda, milli mín og yðar og niðja þinna eftir þig: Allt karlkyn meðal yðar skal umskera. ¹¹ Yður skal umskera á holdi

yfirhúðar yðar, og það sé merki sáttmálans milli mín og yðar. ¹² Átta daga gömul skal öll sveinbörn umskera meðal yðar, ættlið eftir ættlið, bæði þau, er heima eru fædd, og eins hin, sem keypt eru verði af einhverjum útlendingi, er eigi er af þínum ættlegg. ¹³ Umskera skal bæði þann, sem fæddur er í húsi þínu, og eins þann, sem þú hefir verði keyptan, og þannig sé minn sáttmáli í yðar holdi sem ævinlegur sáttmáli. ¹⁴ En óumskorinn karlmaður, sá er ekki er umskorinn á holdi yfirhúðar sinnar, hann skal upprættur verða úr þjóð sinni. Sáttmála minn hefir hann rofið.“

Í þessum kafla eru þau fyrirheiti, sem Guð hafði áður gefið, kölluð „sáttmáli“. Guð kallar þetta meira að segja „ævinlegan sáttmála“. Fyrirheitið, sem gert var í 12. kafla og endurtekið í 15. kafla er hér tekið í tvennt:

- Í fyrsta lagi lofar Guð að fjölfalda kyn afkomenda Abrahams, þannig að hann verði „faðir margra þjóða“. Þessi hluti er sameiginlegur öllum fyrirheitunum þremur.
- Í öðru lagi skuldbindur Guð sig til að vera í sérstöku sambandi við afkomendur Abrahams. Þetta atriði kemur fyrst fram í 17. kafla. Guð segir: „⁷ Og ég gjöri sáttmála milli mín og þín og þinna niðja eftir þig, frá einum ættlið til annars, ævinlegan sáttmála: að vera þinn Guð og þinna niðja eftir þig.“

Þessi þriðji þáttur er þannig bæði endurtekning og nánari útfærsla á fyrirheitinu sem Abraham hafði áður verið gefið. Þessi vers innihalda sama loforð um blessun til handa Abraham og niðja hans, en þau lýsa einnig í hverju sú blessun felst: „*að vera þinn Guð og þinna niðja eftir þig.*“ Þessi orð lýsa kjarnanum í sambandinu sem Guð hefur komið á milli sjálfs sín og Abrahams.

Við skulum taka eftir því að Páll lýsir fyrirheitinu til Abrahams sem fagnaðarboðskap:

Ritningin sá það fyrir, að Guð mundi réttlæta heiðingjana fyrir trú, og því boðaði hún Abraham fyrirfram þann fagnaðarboðskap: „Af þér skulu allar þjóðir blessun hljóta.“ (Gal. 3:8).

Postulinn heldur síðan áfram og lýsir því yfir að allir þeir sem hafa trú eins og Abraham á fyrirheiti Guðs um blessun hljóti „*blessun ásamt hinum trúaða Abraham*“ Gal. 3:9nn. Þannig er þá það sem ritað er um í I. Mós. 17:1-14 náðarsáttmáli, þar sem Guð lofar að blessa Abraham og alla andlega afkomendur Abrahams, ekki samkvæmt verðugleika þeirra, heldur í samræmi við

vilja Guðs sjálfs og náðar hans. Páll útskýrir að hin fyrirheitna blessun fullkominist í Jesú Kristi, sem „*keypti oss undan bölvun lögmálsins með því að verða bölvun fyrir oss ...*“ (Gal. 3:13). Það er fyrir Krist, segir postulinn, að blessun Abrahams kemur til okkar og er móttækin fyrir trú (v14).

Ég sagði áðan að I. M. 17 væri ekki aðeins endurtekning á fyrirheiti Guðs um blessun Abraham til handa, heldur einnig nánari útfærsla á því fyrirheiti. Þar er sagt nákvæmlega hvernig fyrirheitið yrði framkvæmt (ég vísa aftur til þessarar mikilvægu setningar: „*að vera þinn Guð og þinna niðja eftir þig*“).

Síðan tengist þessari lýsingu á eðli fyrirheitis Guðs skylda sem Abraham er lögð á herðar. Þessari skyldu er lýst í vv. 10-14. Til merkis um sáttmálasamband það sem Guð kom á milli sín annars vegar og Abrahams og niðja hans hins vegar (sem Páll kallar fagnaðarboðskap, eins og við munum) skyldi umskera allt karlkyn sem heyrði undir Abraham. Hvorki var þessi verknaður valfrjáls né tengdist hann líkamlegum afkomendum Abrahams eingöngu. Guð sagði: „¹² *Átta daga gömul skal öll sveinbörn umskera meðal yðar, ættlið eftir ættlið, bæði þau, er heima eru fædd, og eins hin, sem keypt eru verði af einhverjum útlendingi, er eigi er af þínum ættlegg.* ¹³ *Umskera skal bæði þann, sem fæddur er í húsi þínu, og eins þann, sem þú hefir verði keyptan ...*“

Verknaðurinn átti við bæði syni og þjóna eða þræla, eins og Guð segir. Takið síðan eftir því að vanræksla á að framkvæma umskurn samsvarar því að brjóta sáttmálann við Guð. Eða, svo við notum aftur orðalag Páls: vanræksla á að framkvæma umskurn er það sama og að óhlýðnast fagnaðarerindinu.

Höfum þetta á hreinu: Fyrirheiti Guðs Abraham til handa var fagnaðarerindið. Það sem Abraham brást við með trú (I.M.15:6) var fagnaðarerindið. Fagnaðarerindið er sú yfirlýsing að Guð tekur við og blessar syndara í Syni hans, Jesú Kristi. Þetta er það sem Guð lofaði Abraham. Þetta er fyrirheitið sem við erfum, þegar við höfum sams konar trú og Abraham.

Guð lofaði endurlausn Abraham til handa og öllum afkomendum hans. Af þeirra hálfu þurftu þeir að viðurkenna náðarsáttmála Guðs með því að halda sig við umskurnina. Nú er rétt að taka það fram að ekki þurfti samþykki barnsins til þess að umskurnin gæti átt sér stað. Ekki var heldur krafist trúar af hálfu barnsins. Umskurnin veitti enga réttlætingu, heldur var hún aðeins tákn. Hvort sem hún var framkvæmd á fullorðnum mönnum, drengjum eða sveinbörnum, þá var hún vitnisburður um trú á því að Guðs orði væri að treysta. Einkum má segja að umskurnin hafi verið vitnisburður um trú á fagnaðarerindið.

2. Eðli skírnarinnar

Við skulum byrja á því að lesa Kristniboðsskipunina í Mt. 28.

¹⁶ En lærisveinarnir ellefu fóru til Galíleu, til fjallsins, sem Jesús hafði stefnt þeim til. ¹⁷ Þar sáu þeir hann og veittu honum lotningu. En sumir voru í vafa. ¹⁸ Og Jesús gekk til þeirra, talaði við þá og sagði: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. ¹⁹ Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda, ²⁰ og kennið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“

Þessi orð Jesú til lærisveina sinna eru kjarninn því verkefni sem kirkju hans er falið. Við eigum einfaldlega að gera fólk að lærisveinum Jesú Krists. Fólk verður lærisveinar með því að fagnaðarerindið er boðað syndurum og syndarar eru endurfæddir fyrir stórkostlega náð Guðs.

Kristniboðsskipunin tekur fram tvennt sem á að gera við og fyrir lærisveinana. Það á að *skíra* þá og það á að *kenna* þeim hina kristnu trú. Það er skipunin um að skíra, sem við munum fjalla um hér á eftir. Ég legg áherslu á það að skírnin er kvöð sem kristinni kirkju er lögð á herðar. Skírnin tengist því, eins og við sjáum í kristniboðsskipuninni, að verða lærisveinn Jesú Krists. Við sjáum því í þessum versum vísbendingu um hvað skírn í vatni þýðir. Hún tengist því að sameinast eða verða eitt með Kristi. Hún er tákn um samfélag lærisveinsins við Frelsarann.

Á öðrum stöðum sjáum við tengingu milli skírnar í vatni sem sakramentis og sameiningar við Krist:

Pétur sagði við þá: „Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda.“ (Pst. 2:38).

Pétur hvetur áheyrendur sína að iðrast synda sinna og að láta skírast í nafni Jesú Krists. Hvað táknar slík skírn? Hann segir „*til fyrirgefningar synda yðar*“. Þannig er skírnin tákn um sameiningu við Jesú Krist í frelsuninni. Eins og við sáum hér að ofan, þá er skírnin tákn um nýtt samband milli syndarans og Frelsarans.

En þeir, sem veittu orði hans viðtöku, voru skírðir, og þann dag bættust við um þrjú þúsund sálir. (Pst. 2:41).

Þetta vers sýnir að skírn í vatni gaf til kynna að hinn skírði hafði tekið við

fagnaðarerindinu og kenningu kirkjunnar. Sakramentið gaf hinum endurleysta syndara líka stöðu innan safnaðarins. Þannig varðar skírnin bæði samfélag okkar við Frelsarann og við tilbiðjendasamfélagið (trúarsamfélagið).

„Rís upp, ákalla nafn hans og lát skírast og laugast af syndum þínum.“
(Pst. 22:16).

Einnig hér tengir Páll skírni í vatni við hjálpræðið. Hann segir „lát skírast og laugast af syndum þínum“ og ákalla nafn Jesú Krists. Skírni í vatni er greinilega tákn um nýtt samfélag endurleysts syndara við Guð í Kristi.

Þegar Páll er að fjalla um sameininguna við Krist, lýsir hann syndaranum sem „skírðum til Krists“ (Rm. 6:1-3; sbr. Gl. 3:27). Hann er hér ekki að tala um hvernig skírni sé framkvæmd, heldur um endurfæðingu. Að vera skírður til einhvers er að telja sig til eða að telja sig tilheyrja þeirri persónu eða hlut. Að vera skírður til Krists er því tákn um að maður megi telja sig til hans, tilheyrja honum (*be identified with Him*). Skírni í vatni er þannig tákn um samband, um stöðu endurleysts syndara gagnvart Guði. Skírni í nafni Jesú Krists er yfirlýsing um að hinn skírði einstaklingur tilheyrir nú Kristi og viðurkenni hann sem sitt „höfuð“ (sbr. Ef. 4:15). Í stuttu máli: skírni er tákn (merki) um trú á fagnaðarerindið.

Þegar við ræddum um umskurnina hér að framan, ályktuðum við að hún væri tákn um sáttmálasamband sem Guð stofnaði til við Abraham og afkomendur hans. Þessu sambandi lýsir Páll sesm fagnaðarboðskap (fagnaðarerindi) í Gal. 3:8. Við sáum að vanræksla á að framkvæma umskurnina var talin jafngilda broti á þessum sáttmála Guðs, eða, eins og Páll útskýrir það, að hafna fagnaðarerindinu. Abraham og niðjar hans voru skuldbundnir til að viðurkenna þennan náðarsáttmála með því að framkvæma umskurnina. Við lögðum áherslu á það að umskurnin var vitnisburður um að þeir tryðu á trúverðugleika Guðs orðs og einkum að umskurnin bæri vitni um trú þeirra á fagnaðarerindið.

Nú höfum við uppgötvað að skírni felur það sama í sér. Skírni í vatni er sem sagt tákn um samsvarandi trú og trú Abrahams á fyrirheiti fagnaðarerindis Guðs. Í Kól. 2:11-12 skrifar Páll:

„Í honum [Kristi] eruð þér einnig umskornir þeirri umskurn, sem ekki er með höndum gjörð, heldur með umskurn Krists, við að afklæðast hinum synduga líkama, þegar þér voruð greftraðir með Kristi í skírniinni. Í skírniinni voruð þér einnig með honum uppvaktir fyrir trúna á mátt Guðs, er vakti hann upp frá dauðum.“

Postulinn kennir að samfélagið við Krist, sem fæst við endurfæðinguna, geri það að raunveruleika, sem umskurnin táknaði. Hvað er það sem í Nýja testamentinu er notað sem tákn um samfélag eða sameiningu við Krist? Táknið er að sjálfsögðu skírni í vatni.

Eina spurningin, sem þá er eftir varðar stöðu barnanna. Við skulum halda því til haga að við erum að tala um sama sáttmála í bæði Gamla og Nýja testamentinu. Abraham heyrði það sem *samsvaraði* fagnaðarerindinu, og hann trúði því. Tákn þess að viðurkenna sáttmála fyrirheitis fagnaðarerindis Guðs hefur breyst frá því að vera umskurn í það að vera skírni, en merking táknaða er hin sama. Guð skipaði Abraham að setja tákn sáttmálans á allt karlkyn á heimili hans, án tillits til aldurs eða þroska, eða frá átta daga aldri. Þetta boð Guðs hefur ekki verið afturkallað og er því í fullu gildi, nema hvað það hefur verið útvíkkað og á með skírinni við alla, bæði karlkyns og kvenkyns í heimilishaldinu, sbr. Gal. 3:28 (26-28). Þess vegna hlýtur sönnunarbyrðin að liggja á þeim sem segja að börn, án tillits til aldurs eða þroska, megi ekki taka við tákni sáttmálans, skírinni.

Til vitnisburðar um að kirkjan hélt áfram þeim sið að undanskilja ekki börn frá því að taka við tákni sáttmálans, getum við bent á eftirfarandi:

Hvítasunnuræða Péturs, Post. 2:39.

Þegar Pétur prédikaði frammi fyrir fjöldanum á hvítasunnudag, sagði hann m.a.:

„Því að yður er ætlað fyrirheitið, börnum yðar og öllum þeim, sem í fjarlægð eru, öllum þeim, sem Drottinn Guð vor kallar til sín.“ Í þessari fyrstu opinberlegu yfirlýsingu á fagnaðarerindinu af hálfu postulanna er staðfest staða barna eins og hún var í hinum upprunalega náðarsáttmála.

Saga Kornelíusar, Post. 10-11.

Guð sagði Kornelíusi að senda eftir Pétri svo að postulinn gæti boðað honum fagnaðarerindið, *„... og fyrir [það] munt þú hólpinn verða og allt heimili þitt“* (11:14). Ritningin segir að Kornelíus hafi safnað saman ekki einungis nánustu fjölskyldu sinni, heldur einnig *„frændum og virktarvinum“* (10:24). Guð virti trú Kornelíusar. Meðan Pétur var að mæla *„kom heilagur andi yfir alla þá, er orðið heyrðu.“* (10:44).

Trúskipti Lýdíu, Post. 16:14,15.

Lýdía, annar heiðinn¹ trúskiptingur, heyrði fagnaðarerindið hjá Páli og trúði. Þó að ekkert sé sagt frá fjölskyldumeðlimum hennar, né að þeir hafi sýnt nein merki trúar á Krist, er okkur sagt að hún hafi verið skírð og heimili (eiginlega: hús) hennar.

Fangavörðurinn í Filippí, Post. 16.

Hin þekhta saga af fangaverðinum í Filippí og trúskiptum hans veitir okkur enn eitt dæmi. Þegar hann segir „*Herrar mínir, hvað á ég að gjöra til að verða hólpinn?*“ segir Páll: „*Trú þú á Drottin Jesú og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.*“ Síðan segir ritningin að fagnaðarerindið hafi verið boðað öllum í húsi fangavarðarins og „*var hann skírður og allt hans fólk.*“ (v. 30-33). Vers 34 segir: „*Síðan fór hann með þá upp í hús sitt, bar þeim mat, og var hann og allt heimafólk hans fagnandi yfir því að hafa tekið trú á Guð.*“ Það merkilega hér er að lýsingarhátturinn skv. frumtextanum, „hafandi tekið trú“ er í eintölu, ekki fleirtölu eins og vænta mætti ef Lúkas ætti við allt heimilisfólkið. Réttari þýðing úr frumtextanum væri: „*Hafandi eignast trúna á Guð, fagnaði hann mikillega með öllu hans húsi (heimafólki).*“ [Sbr. Cf. Robert Rayburn, *What About Baprtism?* - Grand Rapids: Baker Book House, 1979, bls. 77.]

Við sögðum í innganginum að Guð hefði samskipti við okkur undir merki sáttmála. Það sem við trúum, reynsla okkar og hættir sumra (t. d. þeirra sem hafa yfir heimilisfólki að ráða) getur haft og í raun hefur áhrif á aðra. Þessir kaflar, sem við vísuðum í hér næst að ofan, staðfesta þessa skoðun óvægjanlega. Það krefur okkur um að endurskoða afstöðu okkar til þess hve alvarlegt mál er hér á ferðinni. Við munum að Guð sagði Abraham að vanræksla á að framkvæma umskurn jafngilti því að hafna sáttmálanum. Ef það er rétt, sem við höfum sagt í þessari ritgerð, þá er það sjálfgert að sams konar varnaðarorð gilda varðandi skírnina. Ef foreldrar játa trú sína á Krist, og trúir þar með á fyrirheiti fagnaðarerindis Guðs, þá eru þeir skyldugir til að sjá til þess að heimilisfólk þeirra [börnin] fái tákni þessa sáttmála. Að gera það ekki samsvavarar óhlýðni.

Niðurstaða

Þeir sem í Gamla testamentinu trúðu Guði og fagnaðarerindi hans voru umskornir. Þeir sem trúðu Guði og fagnaðarerindi hans í Nýja testamentinu, voru skírðir. Hið ytra tákni um að maður tilheyrði endurleystu samfélagi í Gamla testamentinu var umskurn. Hið ytra tákni um að maður tilheyrði endurleystu

1 Heiðinn þýðir „ekki Gyðingur“. Henni er lýst sem guðrækinni, ekki sem Gyðingi.

samfélagi í Nýja testamentinu var skírnr. Sáttmálinn er hinn sami. Merking tákanna er hin sama. Þar af leiðandi, þar sem ekki er um neinn vitnisburð úr Ritningunum að ræða sem talar gegn því, þá gildir sama kvöð um að framkvæma skipunina um að veita táknið. Ég endurtek því: Sönnunarbyrðin liggur á þeim, sem segja að börn okkar megi ekki lengur taka við tákni sáttmálans.

Athugasemdir varðandi ályktanir Bordwines

Hér lýkur ritgerð Bordwines. Það má segja að Bordwine dragi afdráttarlausar ályktanir, eins og varðandi kröfuna til foreldra um að skíra börn sín. Yfirlýsing hans um að það samsvari óhlýðni að gera það ekki væri réttmæt ef auðvelt væri að sjá samhengið milli Gamla og Nýja sáttmála eins og því er hér lýst. Í stöðunni í dag mundi ég ekki geta sett þessa kröfu fram við fullorðinsskírendur almennt, þó að ég sjái þetta sem satt og rétt. Ég tel að Guð gefi ákveðnar tilslakanir í þessu efni eins og í öðrum þar sem um álitamál kann að vera að ræða, sbr. t.d. I. Kor. 8 og 10:23-33 o. v. Sumt getur verið einum synd en ekki öðrum. Það fer eftir samvisku hans og hversu upplýst hún er. En ég tel jafnframt að þeir sem hafna barnaskírnr þurfi að athuga vel sína afstöðu. Sama gildir um þá sem telja sína barnaskírnr ekki meira virði en það að þeir þurfi að endurskírast. Ég tel að í þessu erindi hafi spurningunni um eðli skírnrinnar verið svarað á fullnægjandi hátt.

Niðurdýfing eða dreyping

Jafnframt ágreiningnum um hvort skíra megi eða skíra eigi ungbörn hefur álíka lengi verið ágreiningur um tegund skírnr, hvort dreypiskírnr sé í raun skírnr, og er þá fært fram sem rök að orðið sem notað er um skírnrina þýði að setja í kaf. Þessu er hægt að svara á einfaldan hátt: Þetta er ekki rétt nema að hluta til. Baptizo, orðið sem notað er um skírnrina, þýðir fyrst og fremst skv. Grísk-danskri orðabók C. Berg:

1. *Að dýfa niður (í), og í afleiddum myndum af því má sjá að vera drukkinn, og að vera skuldum hlaðinn.*
2. *Að ausa,*
3. *Að skíra.*

Í Grísk-þýsku orðabókinni eftir Schirlitz um nýjatestamentisgrísku er aðalmerkingin að þvo, en síðan að skíra. Þar er einnig bent á að píslarvættisdauði var kallaður blóðskírnr í frumkirkjunni.

Hvergi er að finna grunnmerkinguna að færa í kaf, í það minnsta ekki með

afgerandi hætti. Hins vegar er þá merkingu frekar að finna í gríska orðinu bapto.

Ég tel hins vegar líklegt, að eitt form skírnar, hugsanlega það sem Jóhannes notaði, hafi verið niðurdýfing, þannig að sá sem til skírnar gekk var bókstaflega færður í kaf. Okkur eru kunnar ýmsar tilvitnanir til þess konar í samlíkingum í bréfum Nýja testamentisins.

David Hedegård vekur athygli á því í bókinni „Enighet i dopfrågan“ að þegar 3000 manns létu skírast á hvítasunnudag í Jerúsalem, skv. Post. 2:41, hljóti að vakna spurningin: Hvaðan höfðu þeir vatn til niðurdýfingar fyrir svo marga í einu? Hann vísar í L. Schneller, sem hafi haft einkar góða þekkingu á staðháttum, en hann bendir á í „Im Lande Jesu“ (1939) að þetta hafi átt sér stað í júní, þegar hitar eru miklir og vatn fer að verða af skornum skammti og verður dýrt. Allt er gert til að safna saman því vatni sem til fellur hina u. þ. b. 20 rigningardaga á tímabilinu frá nóvember til apríl og geyma það vel. Það verður að duga til þvotta og drykkjar hina þurru sumardaga og fram til nóvember eða desember. Það er því útilokað að 3000 manns hafi hlotið niðurdýfingarskírni í Jerúsalem á hvítasunnudag. Gæti það hafa gerst þá í Jórdan? Nei, því að þangað er heil dagleið og þó að postularnir hefðu farið strax af stað eftir ræðu Péturs með þennan þrjú þúsund manna hóp, þá hefðu þeir ekki náð að framkvæma skírnina fyrr en á þriðja degi. En nú sjáum við af Post. 2:38, 41 að skírnin var framkvæmd á hvítasunnudag. Það er því útilokað annað en að um dreypiskírni hafi verið að ræða. Reyndar eru líka brunnar í Jerúsalem, en bæði er að á þessum tíma eru þeir sumir uppþornaðir, en aðrir vatnslitlir og eins hefðu hin fjandsamlegu yfirvöld örugglega komið í veg fyrir slíka „misnotkun“ á vatni þeirra.

Það er til rit úr frumkristni „Kenning postulanna tólf“ þar sem þetta er að finna:

„Skírið í nafni föður, sonar og heilags anda í rennandi vatni. Sé ekki til staðar rennandi vatn, þá skal nota annað vatn. Sé ekki hægt að skíra í köldu vatni, notið þá volgt vatn. Sé ekkert af þessu til staðar [til niðurdýfingar], þá skal dreypa vatni þrisvar á höfuðið í nafni föður, sonar og heilags anda.“

Þetta rit er að líkindum ritað stuttu eftir daga postulanna og sýnir að alla vega mjög snemma var farið að nota dreypiskírni þó svo að niðurdýfingarskírni að hluta eða að fullu hafi *kannski* verið talin æskilegri. Helgast það að sjálfsögðu af staðháttum, svo sem vatnsbúskap og hitastigi.

Ég mundi vilja bæta einu við. Hvergi varðandi umskurnina er getið um hversu mikið skuli skorið af yfirhúðinni eða hvort hún skuli tekin með öllu. Hið síðara er að sjálfsgöðu ekki gert, en Gyðingar mótuðu sína hefð í því. Á sama hátt eru engin bein fyrirmæli um hátt skírnarinnar hvað varðar niðurdýfingu eða dreypingu að finna í Nýja testamentinu. Það er því engan veginn hægt að segja að ein tegund sé röng og önnur hin rétta eða að hve miklu leyti ein sé réttari eða betri en önnur. Ekki verður annað séð en að hvort tveggja hafi verið til frá öndverðu auk þess sem hvergi er að sjá beinan vitnisburð um hvort menn hafi verið færðir í bólakaf eða dýft að hluta í vatnið.

Jesús sagði við Símon Pétur: *“Sá sem laugast hefur þarf ekki að þvost nema um fætur. Hann er allur hreinn.”* (Jóh. 13:10). Högum okkur ekki eins og Símon Pétur gerði fyrir svar Jesú.

Heimildir aðrar en Biblían:

James E. Bordwine, Th. D.: To Be God to You and to Your Descendants After You

David Hedegård: Enighet i dopfrogen

Olav Moe: Kirken i aposteltiden